

Viðtakandi Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sendandi: Vestmannaeyjabæjar
Dagsetning: 10.janúar 2020

Efni: Umsögn um samgönguáætlanir 2020-2034

Vísað er til umsagnarbeiðnis Alþingis um fimm ára samgönguáætlun 2020-2024 (tilv. 435. mál, þingskj. 599) og samgönguáætlun 2020-2034 (tilv. 434. mál, þingskj.589), sem flutt verða í formi þingsályktunartillagna á 150. löggjafarþingi 2019-2020.

Umsögn Vestmannaeyjabæjar nær einkum til fyrirhugaðra fjárveitinga vegna framkvæmda, viðhalds og búnaðar fyrir mannvirki í samgöngumálum í Vestmannaeyjum, þ.e. til flugvallarins, Vestmannaeyjahafnar og Landeyjahafnar.

Flugvöllur	2020	2021	2022	2023	2024
Yfirborðsviðhald	86	92			
Viðhald húsnæðis					
Leiðsögu og ljósabúnaður					

Vestmannaeyjabær lýsir yfir ánægju með að gert sé ráð fyrir fjárveitingu til viðhalds á flugvöllum í Vestmannaeyjum, enda skipar flugvöllurinn stóran sess í öryggimálum Vestmannaeyja og sérstaklega nú þegar verið er að draga saman í heilbrigðisþjónustu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Vestmannaeybær benti á það á síðasta ári að viðhald á yfirborði flugvallarins hefði þurft að koma til fyrr en árið 2021 og búið er að bregðast við því með því að gera ráð fyrir 86 m.kr. til yfirborðsviðhalds á fjárlögum næsta árs og 92 m.kr. árið 2021. Hins vegar vantar inn fjárveitingu til viðhalds á húsnæði sem í fyrri samgönguáætlun hafði verið gert gert ráð fyrir á árinu 2021. Óraunhæft er að ætla að ekkert viðhald þurfi að koma til á húsnæðinu næstu 5 árin.

Rúmlega 100 sjúkraflugsferðir voru farnar til Vestmannaeyja á árinu 2019 og ljóst að flugvöllurinn gegnir lykilhlutverki varðandi öryggi íbúa Vestmannaeyja. Löngu er orðið tímabært að gera við yfirborð flugvallarins.

Vestmannaeyjahöfn	2020	2021	2022	2023	2024
Skipalyftubryggja endurbygging	27,2				30,2
Nausthamar, lenging á viðlegukanti Stórskipahöfn					9,7

Gert er ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 27,2 m.kr. á árinu 2020 til endurbyggingar á Skipalyftukannti og 30,2 m.kr til verkefnisins árið 2024. Áætlaður kostnaður við verkið er u.þ.b. 250 m.kr.

Ekki er gert ráð fyrir fjármagni í samgönguáætlun til athugunar á aðstöðu vegna stórra flutningaskipa. Ljóst er að flutningaskip framtíðarinnar munu ekki geta athafnað sig í Vestmannaeyjahöfn að öllu óbreyttu. Snúningssvæði hafnarinnar rúmar ekki stærri skip en 140 metra að lengd, en kröfur um hagkvæmni í flutningum og umhverfisvernd leiða til þess að flutningaskip framtíðarinnar verði stærri og afkastameiri. Það er ljóst að bregðast þurfi við, enda Vestmannaeyjahöfn með stærstu

útflutningshöfnum landsins og mikilvægt að hægt sé að sinna flutningum til og frá Vestmannaeyjum með hagkvæmum og umhverfisvænum hætti.

Vestmannaeyjabær óskar eftir því að horft sé til framtíðar og tryggt verði fjármagn í hönnun og byggingu stórskipakants í Vestmannaeyjum. Hefur Vestmannaeyjabær ákveðið að láta að gera nýjar veðurathuganir til að hægt sé að hefja undirbúning verksins. Vill Vestmannaeyjabær árétta að fé þarf til rannsókna til að gera samanburð á ólíkum hafnarkostum fyrir stór flutingaskip.

Landeyjahöfn

Framkvæmdir við vita og hafnir

Botndælubúnaður

2020	2021	2022	2023	2024
713	538	377	334	328
144	54	53	52	52

Landeyjahöfn skiptir meginmáli í samgöngum til og frá Vestmannaeyjum. Nú þegar ný ferja er komin í siglingar er nauðsynlegt að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að halda Landeyjahöfn opinni allt árið um kring sem samgönguleið til Vestmannaeyja. Gengið er út frá því að gefin loforð um að gera höfnina að heilsárhöfn verði efnd og allt kapp lagt á að ná þeim markmiðum. Um Landeyjahöfn fara rúmmlega 300 þúsund farþegar á ári og má búast við frekari aukningu á fjölda ferðamanna með tilkomu nýrrar ferju eins og reyndin var síðasta sumar. Það er því mikilvægt að halda inn í samgönguáætlun þeim fjárveitingum sem veitt hefur verið til dýpkunar hafnarinnar meðan reynsla er að koma á nýja skipið og ekki hefur verið farið í breytingar á höfninni. Bundnar eru vonir við að óhað úttekt muni leiða í ljós til hvaða aðgerða þurfi að grípa. Eins og áætlunin er lögð fram til næstu 5 ára, skerðist framlagið verulega. Mun það gera Vegagerðinni ókleyft að sinna nauðsynlegri dýpkun til að nýta höfnina og ferjuna í Landeyjahöfn.

Tryggja þarf fjármagn í nýsamþykka úttekt á Landeyjahöfn sem fram fer á næsta ári.

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri